**Þróunarsjóður innflytjendamála 2018-19 - Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Innflytjendur í íslenskri ferðaþjónustu
**Nafn styrkþega:** MIRRA c/o Hallfríður Þórarinsdóttir

**Útdráttur:** Í rannsókninni Innflytjendur í ferðaþjónustu – drifkrafur vaxtar og hagsældar er þátttakai nnflytjenda í störfum ferðaþjónustunnar kortlögð og greind og leitast við að draga upp heildarmynd af dreifingu þeirra eftir mismunandi starfsgreinum. Ennfremur var áhersla á að draga fram etníska lagskiptinu – e. ethnic labor segmentation – innan ferðaþjónustunnar. Megináhersla er á hótel og gistiheimili en bílaleigur og hópferðabílar/ferðaskrifstofur ennfremur skoðaðar og starfsfólk innan þessara starfsgreina greint eftir uppruna, aldri, kyni og lengd í starfi.

Rannsóknin sýnir að hinn mikli vöxtur, sem verið hefur í íslenskri ferðaþjónustu á undanförnum árum er í raun háður framlagi starfsfólks af erlendum uppruna og hefði tæpast geta orði nema fyrir tilstilli þeirra vinnuframlags. Á hótelum var starfsfólk af erlendum uppruna að meðaltali í 80% meirihluta (-/+ 5%). Hlutfall í bílaleigum og hjá rútufyrirtækjum var mun lægra. Rannsóknin sýnir að starfsfólk af erlendum uppruna - í þeim greinum sem voru í brennidepli – áttu kost á framgangi í starfi að því tilskildu að hafa færni og þekkingu í ensku. Íslenskukunnátta var hvergi krafa.

Rannsóknin sýnir ennfremur að hinn öri vöxtur innan ferðaþjónustunnar ber þess merki að víða skortir heildarsýn og stefnu í málaflokkinn m.a., hvað varðar viðhorf til starfsfólks ekki síst starfsfólks af erlendum uppruna. Í ljós kom að hvorki almenn yfirvöld né leiðandi öfl innan ferðaþjónustunnar hafa gert ráðstafanir til að undirbúa komu þessara þúsunda erlendra starfsmanna inn í íslenskt samfélag eða á íslenskan vinnumarkað. Rannsóknin leiddi í ljós að þrátt fyrir vel skipulagðan vinnumarkað er staða innflytjenda á innan ferðaþjónustunnar oft afar veik. Húsnæðisskortur, félagsleg undirboð, svört atvinnustarfsemi og hvers kyns misneyting á starfsfólki – jafnvel mansal - voru allt þættir, sem mjög oft bar á góma í tengslum við greiningu á stöðu innflytjenda innan ferðaþjónustunnar.

**Project Title:** Immigrants in Icelandic tourism
**Name of Grantee:** MIRRA c/o Hallfríður Þórarinsdóttir

**Abstract:** The focus of this research Immigrants in tourism – drive for economic growth is on mapping and analyzing the participation of immigrants working in the tourist sector in Iceland with the aim of drawing a comprehensive picture of their share within the Icelandic tourist labor force as well as drawing ethnic labor segmentation within the sector to the fore.
Primary emphasis is on staff within the hotel sector but car rentals and tour bus companies are also included and the staff analyzed with reference to ethnic/national background, age, gender and length of employment. The research is based upon both quantitative as well as qualitative methods, including dozens of interviews, focus groups and collection and analysis of various statistics and written sources.

The research shows that the massive growth within the Icelandic tourism in recent years is in fact dependent upon the contribution of migrant labor and would hardly have occurred if not for their input. The average share of migrant laborers within the hotel sector turned out to be around 80% (-/+ 5%). The share of migrant workers at car rentals and tour bus companies is considerably lower, respectively. The analysis shows that occupation mobility within the work place is dependent upon knowledge and skills of English. Knowledge of Icelandic was never a requirement.

The research also shows that the rapid growth within the tourist sector bears witness to lack of foresight and comprehensive policy in the field amongst other things in regards to labors, not least of foreign origin. It appeared that neither authorities in general nor leading forces within the tourist sector, had made any arrangements regarding preparations for receiving thousand upon thousand migrants entering the Icelandic labor market in record short time. Moreover, in spite of a highly regulated labor market, migrant workers within tourism are very vulnerable. Severe housing shortage, social dumping, off the records labor, various forms of abuse – even trafficking – were all things highly associated with the analysis of immigrant labor within the Icelandic tourism.